



DALABYGGÐ

Skilagrein 2021

**ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ**



Efnisyfirlit

1. Almennar upplýsingar um verk, mannskap og tæki.....	2
2. Eknir km við söfnun annarsvegar og flutning til gámastöðvar hinsvegar.	3
3. Áreiðanlegar magntölur fyrir Grátunnu, Brúntunnu og Blátunnu frá heimilum í Dalabyggð.....	3
4. Áreiðanlegar magntölur (kg/ári) fyrir úrgang frá hverri stofnun úr grá-, brún- og blátunnu.	4
5. Áreiðanlegar magntölur (kg/ári) fyrir úrgang úr grenndargámum.....	5
6. Heildartölur fyrir safnaðan og fluttan úrgang.	6
7. Samantekt á innheimtum kostnaði.....	6
8. Yfirlit yfir kvartanir eða ábendingar.....	6
9. Yfirlit yfir stöðu í öryggismálum	6
10. Yfirlit yfir árangur í gæða- og umhverfismálum í verki.	6
Viðauki I. Losunardagatal fyrir Dalabyggð 2021	8
Viðauki II. Samantekt á innheimtum kostnaði vegna þjónustu Íslenska gámafélagsins við Dalabyggð árið 2021.....	9

1. Almennar upplýsingar um verk, mannskap og tæki

Íslenska Gámafélagið sinnir nú sorphirðu frá heimilum og söfnun á heyrúlluplasti í Dalabyggð. Í janúar 2021 hófst söfnun á almennu sorpi í Gráu tunnunni og er hún losuð á fjögurra vikna fresti.

Söfnun á blönduðu endurvinnsluhráefni í Grænu tunnunni hófst í maí og er á sex vikna fresti. Söfnunin á lífrænum eldhúsúrgangi í Brúnu tunnunni hófst einnig í maí og er á fjögurra vikna fresti. Nánar um losunardaga má sjá í losunardagatali fyrir Dalabyggð í I. viðauka.

Þrír afturhlaðningsbílar sjá um hirðingu á almenna sorpinu í Gráu tunnunni, endurvinnsluhráefninu í Grænu tunnunni og lífræna eldhúsúrganginum í Brúnu tunnunni. Þá hefur lítill sendibíll verið notaður til að losa á þeim stöðum þar sem erfitt er að komast á stórum bíl.

Tveir framhlaðningsbílar voru notaðir við verkið á árinu

Mannskapur:

1 bílstjóri og 2 hlauparar í hverri hirðingu frá heimilum

1 bílstjóri á framhlaðningsbíl sem losar almennt sorp á gámaplani á tveggja vikna fresti

1 verkstjóri sem er þó ekki á staðnum.

Íslenska gámafélagið sér einnig um rekstur endurvinnslustöðvar fyrir Dalabyggð við Vesturbraut 22 í Búðardal. Þar er tekið við öllum úrgangsflokkum og endurvinnsluhráefni. Endurvinnslustöðin er opin þriðjudaga og fimmtudaga frá kl 14 – 18 og á laugardögum kl 10 – 14.

Tafla 1. Bílafлотinn sem notaður var við verkið í Dalabyggð árið 2021.

Tegund	Árgerð	Númer	Euro staðall	Gerð
Volvo FE260	2010	PPS63	5	Afturhlaðningur
Volvo FE320	2016	YJP26	6	Afturhlaðningur
Mercedes Benz Antos	2016	HUK06	6	Afturhlaðningur
Mercedes Benz Actros	2011	SOV37	5	Framhlaðningur
Man TGS 35.360	2010	IEN99	5	Framhlaðningur (varabíll)
Renault trafic	2011	LBF51	6	Tunnubíll og aðstoð
WV Transporter	2022	GFH13	6	Tunnubíll og aðstoð

Bílafлотann má sjá í töflu 1 en þar koma fram allir bílar sem tóku þátt í verkinu árið 2021. Mercedes Benz framhlaðningsbílum var skipt út á árinu fyrir Man bílinn. Þá var einnig skipt um sendibíll en Volkswagen Transporter tók við af Renault Trafic bílnum.

2. Eknir km við söfnun annarsvegar og flutning til gámastöðvar hinsvegar.

Afturhlaðningsbílarnir keyra eftir misjöfnu plani eftir tíma árs.

Almennt sorp úr Gráu tunnunni:

Framhlaðningsbíllinn keyrir u.þ.b. 210 km og fer eftirfarandi leið: Borgarnes – Búðardalur – Borgarnes – Fíflholt – Borgarnes.

Afturhlaðningsbílar:

Janúar til maí: Bílarnir keyra 650 km og fara eftirfarandi leið: Borgarnes - Dalabyggð - Borgarnes með viðkomu í Fíflholtum að losa. Einnig bætast við 160 km á litlum sendibíl frá Búðardal til Borgarness og það aftur til Búðardals daginn eftir því hirðingin tekur tvo daga og afturhlaðningsbíllinn er geymdur í Búðardal yfir nóttina.

Maí til janúar: Almennt sorp og lífrænn eldhúsúrgangur tekið saman í tvöfaldan bíl og sami aksturshringur og áður, 650 km, nema lífrænn eldhúsúrgangur var keyrður til Reykjavíkur þar sem hann fór í jarðgerð svo þar bætast við u.þ.b. 150 km til viðbótar fram og til baka Borgarnes - Gufunes - Borgarnes.

Endurvinnsluhráefni úr Bláu tunnunni:

Hér er sami hringur og með almenna sorpið nema hvað hráefnið er losað í Reykjavík þar sem það er flokkað frekar í höfuðstöðvum Íslenska gámafélagsins. Aksturinn er því 770 km. Hirðingin tekur tvo daga eins og með almenna sorpið og það bætast við 160 km á litla sendibílnum því afturhlaðningsbíllinn er geymdur á Búðardal (Búðardalur – Borgarnes – Búðardalur).

Heyrúlluplast


Meiri akstur er vegna söfnunar á heyrúlluplasti því það fyllir nokkra bíla og það þarf því fleiri ferðir til Reykjavíkur í hverri hreinsun en á endurvinnsluefninu í Grænu tunnunni. Eknir km er því u.þ.b. 1.150 talsins.

3. Áreiðanlegar magntölur fyrir Grátunnu, Brúntunnu og Blátunnu frá heimilum í Dalabyggð.

Árið 2021 sótti ÍGF 206.265 kg af úrgangi frá heimilum í Dalabyggð. Þar af voru 108.505 kg í Grátunnunni, 42.800 kg í Blátunnunni 12.860 kg í Brúntunnunni. Í töflu 1 og á mynd 4 má sjá hvernig magnið skiptist yfir mánuði. Þá voru einnig alls safnað 42.100 kg af heyrúlluplasti sótt til bænda.

Tafla 2. Magntölur úr öllum tunnum við heimili í Dalabyggð árið 2021

	Gráa tunnan	Græna tunnan	Brúna tunnan	Heyrúlluplast
Febrúar	5.410			22.740
Mars	7.080			
Apríl	6.830			12.400
Maí	6.970	3.100	340	
Júní	4.260	2.450	1.210	
Júlí	4.680	3.780	1.490	
Ágúst	4.480	640	2.420	6.960
September	4.660	3.380	940	
Október	3.680	2.860	1.970	
Nóvember	4.460	550	2.030	
Desember	4.960	6.700	2.460	
Alls	108.505	42.800	12.860	42.100



Mynd 1. Samanburður á magntölum úr öllum tunnum við heimili í Dalabyggð árið 2021

4. Áreiðanlegar magntölur (kg/ári) fyrir úrgang frá hverri stofnun úr grá-, brún- og blátunnu.

Sjá II. viðauka

5. Áreiðanlegar magntölur (kg/ári) fyrir úrgang úr grenndargámum.

Ekki eru til magntölur fyrir grenndargámana sérstaklega en magnið er skráð á gámaplanið og má sjá allar þær tölur í töflu 3.

Tafla 3. Magntölur úrgangsflokka á gámaplani 2021

Gámaplan	Magn (kg)
Almennt sorp	51.035
Bylgjupappi til endurvinnslu	9.250
Gler og postulín	42.550
Grófur úrgangur	44.506
Grænt efni til endurvinnslu	19.340
Hjólbarðar til endurvinnslu	23.490
Hreint timbur	32.500
Ísskápar	2.660
Kítti og sparsl	20
Leysiefni	6
Litað timbur	75.740
Lítill raftæki	3.466
Matarolía	270
Málmar til endurvinnslu	123.072
Olúmálning	180
Olúmengaður úrgangur, ódælanl	4
Olúsíur ópressaðar	50
Perur	48
Prentlitir	4
Rafeindabúnaður	11.260
Rafgeymar	2.038
Rafhlöður	864
Ryðvarnarolía og smurfeiti	3
Skjáir	490
Spilliefni	0
Stór raftæki	4.713
Tónerhylki	8
Úrgangsolía í smálátum	455
Útrýmingarefni	2
Vatnsmálning	175
Önnur spilliefni	2

6. Heildartölur fyrir safnaðan og fluttan úrgang.

Alls var safnað 685.396 kg frá heimilum og stofnunum í Dalabyggð og voru þar af voru rúm 448 tonn af gámaplaninu, 164 tonn frá heimilum, 42 tonn af heyrúlluplasti og tæp 31 tonn frá stofnunum. Nánari skiptingu á þeim úrgangsflokkum sem sóttir voru til stofnana í Dalabyggð má sjá í II. viðauka.

Tafla 4. Magntölur úrgangs sem safnað var frá Dalabyggð 2021

	Magn (kg)
Gámaplan	448.201
Heimili	164.165
Heyrúlluplast	42.100
Stofnanir	30.930
	685.396

7. Samantekt á innheimtum kostnaði

Sundurliðaða samantekt á innheimtum kostnaði vegna þjónustu Íslenska gámafélagsins við Dalabyggð 2021 má sjá í II. viðauka.

8. Yfirlit yfir kvartanir eða ábendingar

Skráð var ein ábending frá heimili í Dalabyggð á árinu.

Þegar ábendingar eða kvartanir berast, hvort sem það er með formlegum eða óformlegum hætti, er í öllum tilvikum farið yfir efni þeirra og mistökin leiðrétt fljótt og örugglega. Sé kvörtun eða ábending af völdum mistaka starfsmanna er rætt við þá starfsmenn sem um ræðir hverju sinni til að koma í veg fyrir að mistökin endurtaki sig.

9. Yfirlit yfir stöðu í öryggismálum

Engin slys urðu við sorphirðu í Dalabyggð árið 2021.

Íslenska gámafélagið er með markvisst vinnuverndarstarf og leitar leiða til að bæta öryggi starfsmanna. Það er gert með því að greina áhættur í vinnuumhverfi, vinna í fyrirbyggjandi aðgerðum og forvörnum og þjálfra og fræða starfsfólk.

Verði starfsmenn fyrir óhappi eða slysi er það skráð, ástæða þess skoðuð vel og gerðar tillögur að úrbótum við verklag ef það á við.

10. Yfirlit yfir árangur í gæða- og umhverfismálum í verki.

Íslenska gámafélagið starfar eftir vottuðu gæðastjórnunarkerfi ISO 9001 og umhverfisstjórnunarkerfi ISO 14001.

Stærsti umhverfispáttur í starfsemi Íslenska gámafélagsins er losun gróðurhúsalofttegunda frá jarðefnaeldsneyti og er helsta markmið fyrirtækisins að draga úr þeirri losun. Þær leiðir sem farnar eru

til að ná markmiðinu er með endurnýjun bíla og tækja. Við kaup á nýjum bílum hafa þeir verið valdir sem hafa hæstan Euro staðal, einnig eru rafmagnstæki valin fram yfir þau sem ganga fyrir eldsneyti, sé þess kostur. Nú hefur Íslenska gámafélagið lagt inn pöntun á fyrsta sorphirðubílnum sem gengur fyrir rafmagn og stefnir á að fjölga þeim jafnt og þétt næstu árin.

Til að jafna út útblástur gróðurhúsalofttegunda vegna starfseminnar er fyrirtækið í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur um gróðursetningu trjáa.








Fyrirtækið heldur áfram að senda almennt sorp til orkuvinnslu í Evrópu í stað urðunar og hefur með því stuðlað að minni útblæstri frá urðunarstöðum og samtímis nýtt úrganginn til rafmagnsframleiðslu í stað kola og olíu.

Helstu úrbætur sem unnið var að á árinu eru:

- Vandaðri frágangur spilliefna á gámasvæðum
- Aukin fræðsla um umhverfismál til starfsmanna
- Fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir óvæntar bilanir tækja
- Skilvirkari skráningar vegna úrgangs frá sveitarfélögum
- Innleiðing á Eloomi fræðslukerfi

Viðauki I. Losunardagatal fyrir Dalabyggð 2021



-  Gráa tunnan Búðardalur og norðan Búðardals
-  Gráa tunnan Búðardalur og sunnan Búðardals
-  Græna tunnan Búðardalur
-  Græna tunnan Dreifbýli
-  Gráa og brúna tunnan Dalabyggð öll
-  Brúna tunnan Dalabyggð öll (aukalosun að sumri)
-  Heyrúlluplast Dalabyggð öll

Viðauki II. Samantekt á innheimtum kostnaði vegna þjónustu Íslenska gámafélagsins við Dalabyggð árið 2021

Gjaldliður	Upphæð (kr)
10100 - 240 ltr. plastkar losun	1.784.829
10102 - 240 ltr. plastkar leiga	410.958
10104 - 120 ltr. plastkar losun	1.434.396
10110 - 660 ltr. plastkar losun	23.450
10112 - 660 ltr. plastkar leiga	749.178
10119 - 660ltr grænt kar - Losun	1.448.090
10120 - 1100 ltr. plastkar losun	798.035
10122 - 1100 ltr. plastkar leiga	358.671
10124 - 240ltr græn tunna - leiga	720.616
10126 - 140 ltr. plastkar leiga	542.011
10127 - 140 ltr. plastkar losun	183.909
10142 - 1100ltr grænt kar, losun	406.571
10230 - 6-8 m3 gámur losun	100.601
10232 - 6-8 m3 gámur leiga	47.061
10302 - Krókgámur afhending	660.000
10312 - Krókgámur dagleiga	239.033
20500 - Almennt sorp	1.059.685
20502 - Grófur úrgangur	203.296
20504 - Hreint timbur	28.160
20505 - Litað timbur	789.140
20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð	60.645
20565 - Klippikort	228.400
20570 - Grænt efni til endurvinnslu	3.000
20580 - Heyrúlluplast	343.739
30510 - Rekstur á svæði	5.275.905
30511 - Jarðgerð	329.996
30660 - Sorphirða Dalabyggð	26.750.822
40900 - Akstur kílómetragjald	1.614.227
h5102 - Sorptunnufesting m. teygju	60.360
H5130 - Teygja og hnappur fyrir tunnur	118.500
	<u>46.773.283</u>